

Göprún dimmblá skráir
mál litlu kjaftforu völvu

Óðsmál in fornu

ISBN 978-9935-409-40-9

17. ISBN 978-9935-409-16-4

Sól og Nanna hlýrn

Göia goði, Óðsmál,

<http://www.mmedia.is/odsmal>
frejukettir@mmedia.is; odsmal@mmedia.is



Norræn menning

+354 694 1264; +354 552 8080

Sól og Nanna -- hlýrn

*-Heiðumháu gyðjur,
heilar!*

*Dýrum settan
Dellings mögur
jó fram keyrði
jarknasteinum:
mars of Manheim
mön af glóar,*

*dró leik Dvalinns
drösull í reið.*

*Jörmungrundar
í jódyn nyrðra
und rót yztu
aðalpollar
gengu til rekkju
gýgjur og þursar,
náir, dvergar
og dökkálfar.*

*Risu raknar,
rann álfröðull,
norður að Niflheim
njóla sótti.*

.....

*Sól varp sunnan
sinni mána
hendi inni hægri
um himinjöður,
áðr Burs synir
bjöðum of yppðu,
þeir er Miðgarð
mæran skópu.*

*Hittusk Æsir
á Iðavelli,
þeir er hörg ok hof
hátimbruðu;
sól þat né vissi
hvar hon sali átti,
máni það né vissi
hvat hann meginns átti.*

*Þá gengu regin öll
á rökstóla.....*

.....

*..... sól skein sunnan
á salar steina,
þá vas grund gróin
grænum lauki.*

*Blessuð sólin elskar allt,
allt með kossi vekur,
haginn grænn og hjarnið kalt
hennar ástum tekur.*

*Dýrmæt er sólar sýn ýta kind, ýta sonum öllum.
Sólin í sólkerfi okkar er mesti áhrifavaldur á líf hér.
Sólkerfið er það náttúrulögmál sem mest áhrif hefur á lífið á jörðu.*

-Ennþá dýrmætari er sæla Sólar hamin í mannlegan líkama.
Hamingja.
Hamingja í þeirri tærustu merkingu.

Hamsa **हंस** þýðir álftr gæs, sama orð og hamur (fjaðurhamur) hjá okkur.



hamingja og sæla Sóla hamin í kroppinn.
Hin varanlega hamingja. Eina sanna hamingjusæla.



Gyðjur lýsa ið innra sem ið ytra.
Ið guðlega og ið veraldlega.
Ið líkamlega, ið andlega, ið altæra innsta eðli mannanna.



Hver maður sjálfur leiðir sjálfan sig
í dýrð.

Auðveldlega næst nú hamingjan, úr dýpstu vitund, ginnungagapi, sem er
kyrrð.

Hin varanlega hamingja, hin varanlega sæla.

Tæknin og vísindin eru nú fól öllum lifandi mönnum,
auðveldlega ausið upp í meðvitund mannanna.

Það eina sem til þarf er mannleg vitund og mannlegt taugakerfi.

Menn hafa nú opnað vitund sína fyrir tívatúni,
samsviði allra náttúrulögmálanna.

Það er kyrrð, alkyrrð, hlaðin óendanlegri orku.

Þar er allt í samræmi.

Það er fullkomið samræmi, fullkominn samhljómur.

Þar býr öll þekking.

Náttúrulögmálin, sem dvelja í hinu óskapaða, opnast nú fyrir mönnum.
Í skapaðri veröld finnum við þau einnig og skiljum.

Allt er skiljanlegt mönnum.

Ið hulda og ið dulda er einnig rannsakanlegt.

Þekking er komin til okkar á ný á öld þekkingar og vísinda.

Yfirborð og dýpi eru aðeins lagskipt tilvera náttúrulögmálanna.

Ferli bylgna, Gungnis, hin síendurteknu ferli, skapa aðstæður
sem kalla á mismunandi eiginleika í tíma og rúmi.

Við höfum morgun með sólarupprás, hádegi þegar sól er hæst á lofti.

Dagur og nótt hafa mismunandi áhrif á manninn, og á allt líf.

Sól og Nanna eru hlýrn, tveir hlutar sólarhringsins.



राका raakaa heitir gyðja fulls tungls í fornri menningu,

(26., höfuðskepnugyðjan raktaa eða raakaa,

gyðja gapsins við eld (höfuðskepnu)

og raakaa er líka um telpu sem byrjuð er að hafa á klæðum.

stofninn raa **रा** gefa færa geyma

Allt í heimi hér er í fullkomnu samræmi,
allt í samhljómi,
allt gerist fyrirhafnalaust og áreynzlulaust.

Máninn hefur ferli,
leið sína umhverfis jörðu.

Tíðir mánans, tithí तिथि, तिथी tithíi mánadagur.

Í samræmi við hrynjandi náttúrunnar og atferli okkar fær náttúran góð
áhrif frá hverju einu.

Hver þeirra á við sérstakt náttúrulögmál sem er þá vökulla þann
sérstaka mánadag, hver og ein hefur sín gæði og eiginleika.

Við vitum um áhrif svosem flóð og fjöru.

Ásýndir eru mánans séð frá mönnum á jörðu.

Sóma fullt tungl, Pitris nýtt tungl.

Allt þetta gerist af sjálfu sér.

Dýpi og yfirborð eru mismunandi tjáning lögmálanna.

Mismunandi eiginleikar skína skært á hinum ýmsu tímum.

Nanna mánagyðja og Sól gyðja uppljómunar hafa einnig lagskipta
eiginleika.

Auðvitað það sem við sjáum og vitum að hefur áhrif á lífið hér á jörðu,
og svo dýpri og dýpri lög þar til við finnum óveraldlega eiginleika þeirra.

Þá þekkingu finna mennirnir.

Ginnungagap, tívatún, er sjálfu sér nógt, vísar aðeins í sjálft sig,
hverfist inn í sjálft sig til að skapa.

Það er óendanlegir möguleikar.

Við erum ginnungagap.

Hér er öll þekking.

Þekkingin er í vitund.

Maðurinn, sem hefur aðgang að henni einn lífvera á jörðu, ber því
ábyrgð.

Hann þarf að kunna að meta þann hæfileika að geta sóazt.


Sólin okkar í veröld lýsir upp að utan, gyðjan Sól uppljómar innra.

Gyðjurnar lýsa upp að utan og innan, ið ytra og ið innra.

Gyðjan er „í dyragættinni”,

lýsir upp stéttina sem liggur að húsinu
og einnig forstofuna og húsið að innan.
Upplýsir mannlega vitund og veraldlegt líf hans.

Sól sem gyðja stendur fyrir uppljómun.
Sæla Sólar hamin í mannlegan líkama, er uppljómun, hamingja.
Hin sanna varanlega hamingja,
ekki litlu hverfulu „hamingjur” litlu mannanna.



(Sjá rútsíban Þjóðvitnis, í 4. skráðu.)

Allt er í heiminum hverfult,
svo stund fegursta frama og allar litlu hamingjurnar
hverfa sem leiftur,
og við að missa litlu hamingjurnar verður maðurinn sorgmæddur.

Þegar menn hafa fundið varanlegu hamingjuna sína,
verða öldur lífsins fagurt sjónarspil
sem gleður augað
en soga ekki manninn inn í sorg yfir missi.

Allt þetta fullkomna flæði er ein heild, litla ljúf.
Aðeins lagskipt frá yfirborði í dýpið,
allt er það lögmál náttúrunnar á mismunandi dýpi -- eða grynningum.

Og einhver hefur auðvitað sett það af stað og viðheldur því.
Það er gervir alheims.
Vitsmunir inir mestu að verki.

Allt í alheimi gerist á ofur eðlilegan og náttúrulegan hátt.

Ferli og eyktir, sem hafa mismunandi bylgjur,
mynda ýmis mismunandi gæði handa mönnum á jörðu.

Hér eru aldir,
sólarhringurinn dagur og nótt,
afstaða tunglsins, reikistjarnanna, fastastjarnanna.
Samtals 16 ásýndir mánans,
sóma, pitris, 2svar 14 vaxandi sem endurtaka sig í 14 minnkandi.
Alls eru 30 tithi mánamánaðar,
ef til vill er tithi íslenzka orðið tíðir, sem við notum um tímakorn.

Hver þeirra 30 tithi á við sérstakt náttúrulögmál sem er þá vökulla þann sérstaka mánadag í samræmi við hrynjandi náttúrunnar, og atferli okkar fær góð áhrif frá hverju einu.



Hér er Ólafur muður að læra hjá skessunni hvernig við notum fjöllin til að ruglast ekki í ríminu. Svo Ólafur muður þurfti ekkert að fara suður. Hann hitti skessuna á miðri leið.



Panþeon heiðinna manna í Róm, tímatal. (nú kyrkja og tónleikasalur).

108 þvermál tungls eru vegalengd frá jörðu til tungls
108 eru kúlur talnabands, 109. gúrubed, svo til baka 108
108 þvermál sólar eru vegalengdin frá sólu til jarðar,
216 eru einherjar.
432 eru gáttir allar er skoða skyli og um skyggvast skyli.

Við vitum að lífið er Gungnir. (35., 14.)
En vitum við hvaða áhrif allar þessar bylgjur hafa á okkur?

Í daglegu lífi hafa þær áhrif á hugsun, hegðun, heilsu,
á þjóðfélagsstjórnun, á lífið í þjóðfélagi, á allt líf á jörðu.

Þegar við framkvæmum, hugsum, tölum, þá sköpum við bylgjur.
Að sjá, heyra, neyta fæðu, hugsa um eitthvað, hefur áhrif á okkur.

Bylgjur hafa styrkleika, bylgjulengd, og þær hafa einnig ákveðna leið, þ.e.
þær stefna í einhverja átt.

Svo hafa þær áhrif hver á aðra.
Sumar magna hver aðra, aðrar vinna strítt og minnka hver aðra,
eyðast jafnvel.

Ímyndum okkur hafið og öldurnar.
Færum þetta yfir á líf einstaklings,
þjóðar,

allra þjóða á jörðu.

Ægir er ægidjúp þekkingarinnar.

Þekkingin er mikil,
og öll börn sem fæðast eiga rétt á að njóta hennar.
Hún er auðsótt mönnum.
Gyðjan Sól er hér og biður mannanna.

Hvert er hlutverk móðurinnar?
Hvert er hlutverk gyðjunnar?

Konan er hið virðulegasta í sköpunarverkinu.
Hún hefur óendanlegan kraft.
Hlutverk hennar er guðlegt.

Hún er holdiklædd sköpunin,
hún viðheldur lífi, hún gefur líf.

Þessari stöðu sinni má konan aldrei glata.

Án konunnar sem hina mestu virðingu lifir, verða stríð,
verður þjáning, verður grimmd.

Konan er andstæða alls slíks.

Konan verður að bera meiri virðingu fyrir sjálfri sér sem lífgjafa,
skapandi kröftum.

*-Mættu konur etv vera minna að vasast í hernaði, einsog t.d. að það var
kvenmaður sem dró Ísland í stríð í fyrsta sinn?*

-Konur næra allt mannlíf.
Móðir, kona, meyja. Ætti að kunna að meðtaka lof og prís.
Konan má ekki gleyma að nærast sjálf !!

Fullkomin heilza líkamans veltur á vellíðan.
Tilfinningalíf, hugur og andlegt líf þarf allt að nærast.
Svelti á einhverju sviði verður að sjúkdómum. Vanlíðan.

Menn líða vegna þess að móðirin var of upptekin við allt annað en að
næra.

-Hún var jafnvel á þingi og gat ekki komið þar í veg fyrir að Íslendingar færu í stríð !! -- þegar herská kona kom að westan og narraði karlana.

-Konan þarf að endurskoða nærandi hlutverk sitt í heiminum.

-Þetta er ekki nógu gott, að börnin eru sett í gáma einsog óþroskaðir ávextir á leið í hillur búðanna.

-Meðan einhver verður veikur er eitthvað að,
og því þarf að kippa í lag.
Heilbrigði er hið eina eðlilega.

(39., fullkomin heilza með heilbrigðri skynsemi.)

Mæður þurfa að vera uppljómaðar.
Hver einasta telpa er gyðjan mikla holdi klædd,
og ef við vitum hlutverk gyðjunnar, þekkjum við einnig hlutverk
konunnar.

Hún er nærandi.
Hún er sú sem leiðir til uppljómunar.

Orðin, sem laufblöð á askinum, visna
ef ekki flæðir vín Valföðurs um allan líkamann.


Hlutverk gyðjunnar, og þar með hlutverk móðurinnar, hlutverk allra
telþna og allra kvenna, er að sjá til að ekkert barn fari varhluta af
þekkingunni.

Ekki er gott ef gyðjan er ekki til staðar handa okkur.
Japanar eiga skemmtilega goðsögn um sólargyðju sem fór í fýlu, og faldi
sig í helli.

Hún neitaði að koma út.

Nú voru góð ráð dýr.

En guðirnir gerðu eitthvert sprell til að vekja forvitni hennar,
og sólargyðjan gægðist út til að forvitnast.



Börnin læra samsviðstæknina, (37.)

þau skilja vísindin að baki.

Nýsta ek niður, féll ek aftur þaðan, nam ek upp fimbulrúnir og stinna stafi. Lærði ek 9 galdra góða og ljóðin.

Ægir (2.) er mikill,

mannshugur getur sóast.

Tær vitund getur kafað í dýpið,

og ýft gárur á Ægi. (2.) -- TM-sidhi® samsviðstækni og vísindi.

Þannig vaknar vitund í lifi manna á jörðu.

Þannig er Óðrerir, óð-hrærir.

Óðrerir

Gyðjan Sól er svo tákn uppljómunar.


Vitundarstigin 7 eru:

djúpsvefn, draumsvefn, vaka, in veraldlegu 3 sem allir þekkja,

ið 4. er að sóast um stund, hnýsast niður, falla aftur þaðan,

in 5. og 6. Valhöll, menn orðnir einherjar og lifa ginnungagap ásamt með vöku og svefni. Þeir menn sjá Gunnadansinn sem lausan frá sjálfum sér.


Ið 7. vitundarstig manns er eind, þegar lifandi maður sér að hann er allt. (30.)



Hamingja

Sólar sæla hamin.

Hann hefur hamið sælu Sólar fyllilega í lifið sitt.



Sá maður vinnur út frá sviði náttúrulögmálanna, innan við skapaða krafta í veröld.

Heimurinn er hljóð, heimurinn er flæði. (35.)

Fíngert er þetta,

og til þarf tært taugakerfi að nema hið fingerða.

Með því að fórna einstaklingsvitund í alheimsvitund reglulega alla ævi, verður taugakerfið æ tærara (31.), Sleipnir æ þjálli (15.),

Við sameinumst upprunanum.
En gætum okkar á ímyndun einni saman
og gætum okkar á eftirlíkingum og þykjustu.



plat-heilagur, þykjustu vo vo helgur.

Til þess að skilja menningararfinn okkar, þurfum við að lifa ginnungagap.

Skilja uppruna okkar sjálfra af eigin reynzlu.

Við vitum að siðir og tungur eru mismunandi meðal hinna ýmsu þjóða, en við verðum að skilja uppruna okkar sjálfra í sinni tærustu mynd, og uppruna menningar okkar einnig í sinni tærustu mynd.

Ekki ættu menn alla ævi að þæla í orðum annarra um þessi mannanna mál.

Það getur orðið orðaflækja og dúllur sem ekki skipta máli.

Sannleikurinn mikli er innan hvers manns, svo þar leitum við hans á einfaldasta og áhrifaríkasta hátt.

Bezt er eigin menning þjóðar, sem þróast hefur meðal forfeðranna, í landinu, veðurfarinu, búskaparháttum, en ekki má glata inntakinu, sem gæti hafa vöðlást inn í alls konar umbúðir.

Kjarni málsins, þekkingin tær, verður að blíva.

Óðinn gefin Óðni
ég gefinn sjálfum mér.

Einstaklingsvitund og alheimsvitund eru eitt, ekki tvennt.

Í slíkri Sólarælu sem són er, er enginn mannleg hugsun.
Þetta er 4. vitundarstig manns.

Maðurinn er þessi sæla. Við erum Sólar sæla.

aananda आनन्द Sólarsæla

lífverur eru bornar úr sælu
úr henni fá allar lífverur næringuna til að lifa
til sælu hverfa lífverur á ný og eru sæla á ný
(upanisad)

आनन्दाद् ध्येव खल्विमानि भूतानि जायन्ते।

आनन्देन जातानि जीवन्ति। आनन्दं प्रयन्त्यभिर्शंविशन्ति ॥

असतो मा सद्गमय। asato maa sad gamya

तमसो मा ज्योतिर्गमय। tamaso maa djyótír gamya

मृत्योर्मा मृतं गमय ॥ mrityor maa amritam gamya

a-sat ekki tilvera, sat sannleikurinn
tamah myrkur, djyótis ljós
mrít dauði, a-mrít líf, ódauðleiki.
leið oss (/mig) úr tilveruleysi í sannleikann
leið oss (/mig) úr myrkri í ljósið
leið oss (/mig) úr dauða í eilíft líf
(upanisad)

Menn nema upp fimbulrúnir, öðlast alla þekkingu.

Vitund er þekkingin altær.
Þekkingin er fyrir hendi í vitund.

Sóma सोम

er sá dýri vökvi, ið dýrmæta flæði, sem heldur saman alheimi og heldur saman inu ytra og inu innra, því skapaða og uppruna alls, öllu í veröld.

Ódjas ओजस्

er hið fingerðasta í mannslíkamanum og á að vera það sem við endalega framleiðum úr matnum. (39.)
Hvergi má stífla flæðið.

Auguri! heillaóskir, er einmitt þetta orð, ódjas.

Allt gott og jákvætt í náttúrunni gerist auðveldlega og sjálfkrafa.

Við þurfum ekkert að gera til þess að sólin rísi og setjist,
til þess að máninn rísi og setjist.

Náttúran fer alltaf auðveldustu leiðina.
Rétt einsog áin sem rennur til sjávar reynir ekki að stytta sér leið upp
brekku og yfir fjall, heldur flæðir vegna aðdráttaraflsins í auðveldasta
farvegi sínum.

Jafnauðvelt og náttúrulegt er að finna Sól gyðju,
auðvelt er manni að renna sem fjallalækur í Ægi.

Það er eðli hugans að sóast í uppruna sinn.
Það er in bezta og æðsta fórn.
Engin fyrirstaða.
Mannlegur hugur er að skreppa heim.


Ekkert er auðveldara,
en læra þarf hina áreynzlulausu fingerðu tæknina rétt.

Árþúsunda þekking liggur að baki, þekking sem aldrei glatazt.

Sannleikurinn getur aldrei dáíð, aldrei glatazt.

Lögmál náttúrunnar stjórna alheiminum snurðulaust og áreynzlulaust.
Við skulum lifa í Þundarflæði með þeim.

Það gerist sjálfkrafa ef við iðla sóumst -- en nota þarf tækni sem virkar.
Til er margs konar tækni, en aðeins eru til vísindalegar sannanir um að
tæknin TM virki til að sóast.



Að stríða gegn náttúrulögmálunum kann ekki góðri lukku að stýra.
Lifum í sátt við goðin, það er í flæði með Þundu (28.).

Einnig það gerist sjálfkrafa ef menn sóast iðla.

Sólkerfið okkar er sá hluti náttúrulögmálanna sem við erum tengdust og
hefur mest áhrif á okkur.

Eðlilega lifum við í flæði með því.

Mannleg vitund og alheimsvitund, svinnur, er eitt og hið sama.

Þarna eru hinir óendanlega gleiðu og víðu Glaðheimar vitundar.
Nálægt við Glaðheima er óendanlega mikil og varanleg gleði.

Þekkingin er í Glaðheimum altær.

Heiðni er tær guðspeki, en sett fram þannig að hinir grófu bara hlæja.
Hér er táknmál og launsögn.

Loddfáfnir reynir að læra klausur utanað,
og reynir að fá botn í það sem hann er að lesa og heyra,
með því að hugsa mikið og stíft.

Við lærum að sóast í ginnungagap, en það skilja ekki allir.
Eigin reynzla þarf að koma til.
Er hið einfaldasta mál.

Við lærum um hvernig hækkandi vitundarstig breyta öllu í velgengni í lífinu.
Svo er bara að prófa af eigin raun.

Glaðheimar eru gleðin og víddin í hið óendanlega
þegar mannleg vitund er gefin í eindina.


Þetta er tilgangur lífsins, litla ljúf.
Lífið er til að þróast hratt.

Tilgangur lífsins er hamingja, æ vikkandi hamingja.
Glaðheimar,
gleikkun varanlegrar hamingju og sælu Sólar.

Eðli lífs er framþróun.
Eðli lífs er framfarir, gleikkun.
Tilgangurinn er æ víðari hamingja.

Og við skulum vita að mannslíkaminn á sér samsvörun í alheiminum.
(24; sjá Nader, MD PhD, maha-radja adhi-radja Nader Raam:
Human Physiology and Cosmic Countreparts, og aðrar bækur hans.)

Sólkerfið okkar hefur mikil áhrif á mennina og allt líf á jörðu,
enda er það í okkar kolli -- samsvörun þess.
(24., guðin dagarnir reikistjörnurnar mannsheilinn)



(„cosmic counterparts“

dr Tony Nader læknir, maharadja adhiradja Nader raam.)

Dauði Baldurs (21.) er náttúrulegt fyrirbæri.

Á við um öll sólguð.



Pieta. Það er harmur Friggjar.

Hér kemur dans Nönnu og Baldurs (leikrit handa börnum)

Dauði Baldurs

auk þeirra tveggja dansa á sviðinu æsir allir og ásynjur,
og Höður blindi (svartklæddur með sólgleraugu) fremst á sviði (við sjáum
baksvip hans).

Baldur og Nanna dansa í miðjunni, mikil birta og gleði,
Baldur klæddur gulu og gylltu,
Nanna silfri og gráu og hvítu
Allt er bjart og fagurt.

Goðin gera sér nú að leik við að fleygja á Baldur en ekkert fær grandað
honum.

Loki læðist að Heði fremst á sviði, nálgast Höð laumulega.

Höður er ekki er að henda neinu að Baldri, og Loki spyr, hissa:


-Hvers vegna grýtir þú engu að bróður þínum einsog hinir, Höður minn,
vitandi að ekkert má gera honum mein?

Ég er hér með flein einn fagran handa þér, og þú gætir skotið honum,
Höður.



<http://www.bbc.co.uk/religion/galleries/christmas/> um mistiltein.

Með aðstoð Loka fer Höður nær Baldri, og þeytir misitlteininum að Baldri
-- sem hlýtur bana af,
Baldur hnígur til jarðar,
allt myrkvast,
gleðin hjaðnar,
grætur Nanna mánagyðja,
Frigg er þetta harmur mikill.
Baldur er borinn á börum til Heljar, sem er köld og björt,
en Helia breiðir yfir hann voð hvíta of fagra.
Hafa má hagall sem tákn hennar:



Allir eru hnípnir -- vonleysi grípur um sig
Óðinn sem Hermóður (harm-óður og her-móður) beizlar nú Sleipni sinn
og drynur nú veröld öll undan átta hófum fljótum.
Óðinn knýr dyra hjá Helju.
Hún kemur til dyra.

Óðinn/Hermóður kveður:


-Helja mín blíð, leystu nú Baldur því mannkyn allt grætur hann og
goðakyn er hnípið, myrk er nú veröld því Baldur er hjá þér.

Helja:


-Jæja þá, Hermóður, hafðu hann heilan,
Baldur ris upp frá dauðum á 3ja degi og fylgir Hermóði til goðheima.
Mikil kæti og gleði,
og nú ljómar allt á ný í gullnum geislum,
Nanna kemur til Baldurs og býður hann velkomin til sín á ný
þau dansa og allir með.

(Baldurs draumar, tónverk fyrir krakka, er í 21., Skaði Baldur Njörður.)

Björn Jónsson læknir í Manitoba skrifar um dauða Baldurs í bókinni Stjarnvísi í Eddum.




sólkóróna



sólmyrkvasamsteypa

Merki um að ferli sem kali-yúga nefnist sé að ljúka er:
 bræður munu berjask og að bönum verðask
 svört munu sólskin
 troða halir helveg
 sól tær sortna
 og drekinn gleypir sólina og það allt.
 Kalí-yúga slettir illilega úr halanum áður en hún lætur af völdum.



En sat-yuga tekur við,
 langar eru fjór-yúgurnar, langt er í ragnarök.
 Ætíð rís úr sæ jörð iðjagræn
 falla fossar flýgur örn yfir.

Þegar vitund manna verður tærari og tærari
 sést Nanna mángyðja betur og betur.

Eftir því sem mennirnir verðar fingerðari,
 þeim mun betur sjá þeir gyðjurnar sínar.
 Finna þær innra með sér, og finna þær í veröld allri.

Allt skýrist og verður fagurt.

Hefurðu séð, völva litla ljúfa, sólargeisla skína niður í gegnum
 trjágreinar? Þeir mynda fagra þyrnikórónu, merlandi, er greinarnar
 bærast í vindinum.

Þannig sjá mennirnir sólguðin, svo sem Baldur, Dyonyos, Jesú.
 Þeir hafa sólkórónu.



Það er sólkrossin okkar.

(umferðarmerki/þjónustu- f.hof)

Kóróna Sólar, geislar sólarinnar í gegnum skóginn mynda kórónu



Forseti býr í Glitni, sem er glit í skógi.

Gopbrún dimmblá setur spássiukrot:

*-Í fornum síðum eru hínir ýmsu kraftar, bæði náttúruleg öfl og
þjóðfélagsleg fyrirbæri,
táknað með guðum.
Guðin stjórna þessum sviðum, eða vinna í gegnum hín ýmsu svið,
og eru persónugerð eða sköpuð í þessum öflum.
Þau geta verið í tívatúni, eða á umráðasvæði Gunnanna.
Veralldleg fyrirbæri útskýra oft hið hulda, og gæta þarf þess
að táknmálið sé ekki aðeins tekið sem veraldleg fyrirbæri og sagnfræði.*

Nú er það svo að Súúrya **सूर्य** er karlkyns, faðirinn mikli,
en hjá okkur, norrænum mönnum og germönskum, er Sól gyðja,
hin milda Sól sem nærir allt líf.
Til eru Baldur og Nanna, og einnig Sól og Máni.

Le soleil a rendez-vous avec la lune,
la lune est là, mais le soleil -- il n'est pas là...

Njörður er etv. upphaflega gyðjan Nerþus (21., Skaði, Njörður, Baldur).
Freyr og Freyja eru etv. eitt og hið sama frjósemiguðið, segja sumir,
þannig að gyðjan eigi sér karlkyns tvifara.

Gæti eins verið að gyðjur hafi verið illa séðar í karlaveldi eingyðjis, og
aðeins hægt fyrir karlrembur að rifast um karlkyns guði,
-- gyðjur þagðar í hel.
Og þó var ekki hægt að þegja gyðjuna í hel,
svo gera þurfti Maríu mey sem málamiðlun,
en hún var undirgefin mennsk kona, Gyðingastúlka, sem hlýddi
karlguði.

Kynjaskipting er eingöngu í veröld,
en engu að síður eru persónugerðir kraftar út tívatúni hafðir ýmist
karlkynsguð eða gyðjur.

Við skynjum annað í hinu kvengerða en í því karlgerða.
Eiginleika mismunandi.
Hvers vegna skyldi það vera?


purush er karlkyns, hugmyndin að sköpun
paraprakríti kvenkyns, sköpunarkraftur, framkvæmd í lifinu.

fleiri kraftar eru persónugerðir,
Hrímfaxi, Glófaxi,



sólhvagninn,

margir aðrir hestar,
Hólfvarpnir, Jörmungandur, Sleipnir, hestur Freys,
minna okkur á kraft sem dregur og flytur.



álfahestur, Etrúskahestur, grískur
hestur, málaður tréhestur, fljúgandi hestur, átt-fættur hestur.

teuton þjóðflokkur taviiti tavishó tavas sterkur तवस् तविशी tavishíi
„kraftur“ (sbr tý og þjóð á íslenzku)

Í náttar þeli er Nanna mild,
mánaorkan er græðandi,
vatn táknar sóma, nærandi, kælandi,
og við tengjum það mánans orku.

Sóma tengir saman purusha og hina
guðlegu móður.
Sómamjöðurinn er lím alheimsins.





Pegar mánaskin speglast í vatni,
verður til mánasilfur.

Fátt er betra huganum en að horfa á tunglið.
Það skyldu menn gera.

Fengari er tunglsheiti (víst úr grísku).
Hnúki og Bil börn Mána
(ath. Stjarnvísi í Eddum eftir Björn Jónsson lækni í Manitoba)

Svo kemur tungls tjúgari.
Löng ferli, stutt ferli,
hver sólarhringur
ferli tunglsins, með flóð og fjöru og tíðir kvenna.
Ragnarök er ymur hið aldna tré
og drekinn gleypir sólina á stundum
og tunglið á stundum.



svo rís úr sæ sól á ný, rís úr sæ jörð á ný,
strax næsta morgun, eða í næsta ferli, ný ævi, alltaf.

Sólin kemur upp og sezt. Það er alltaf sama sólin.
Máninn kemur upp og sezt. Það er alltaf sami máninn.
Maður fæðist og deyr úr sínum kroppi og fæðist á ný. Það er alltaf sami maðurinn.

Maðurinn er ananda, sæla Sólar. Ódauðlegur.
3.000.000 æviskeið? 4.000.000 æviskeið? Hver man? Kannski sumir
með deja-vu muni sín fyrri æviskeið, og eru þá taldir rugludallar.
Það sýnir okkur skilningsleysi samfélagsins.

Vísindi forfeðranna eru hagnýt vísindi, völvu litla ljúf.
Þau eiga erindi til okkar hér og nú,
skilningur um tilgang lífs,
markmiðið að gera fullkomið mannlíf, fullkominn heim.

röðull í reið,
hamingja

satyam eva d Jayate सत्यमेव जयते

sannleikurinn sigrar ætíð.

असतो मा सद्गमय । leið oss úr ósönnu í sannleik

तमसो मा ज्योतिर्गमय। úr myrkri í ljósið

मृत्योर्मातृं गमय ॥ úr dauða í eilíft líf



ISBN 978-9935-409-16-4

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar) raastram (ríkinu), विश्व शान्ति रास्त्रम् . महर्शि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar. Þekkingin er ægidjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála / „stjórnarskrá alheims”. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvísindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.

Lifa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavad (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega. Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality”-,

auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap”. अहम्ब्रह्मस्मि aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun.

Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -vísindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkomnunar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamar þjóðir, friður í heimi. Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hvernar einustu þjóðar á jörðu veldur friði. Við heyjum frið með vísindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lifa Þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hvernar forsetar guðin okkar eru.

Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð” sem hún kann að vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er sníkill á rótföstum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar samtvinnuðar þarf að skilgreina upprunalega íslenska menningu í því samhengi. Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharmar). परधर्म (paradharmar), annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknmál okkar ómetanlega fagurra menningararfs. Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lifað ið hulda Mímisbrunnsdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður” gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með Þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprelllifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtslækjarhljóð Goþrún dimmblá
Guðrún Kristín Magnúsdóttir
